

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Vesturbyggð.

I. KAFLI

Gildissvið og gjaldtökuheimild.

1. gr.

Almenn heimild.

Heimilt er að taka gjald fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, útgáfu byggingarleyfis, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorða sem byggingarfulltrúi lætur í té skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010.

Samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að taka gjald vegna skipulags- og framkvæmdaleyfa skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.

II. KAFLI

Byggingarleyfisgjald.

2. gr.

Flokkun bygginga og gjaldskrá.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m² eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, yfirferð teikninga og reglubundið eftirlit.

Vegna málsmeðferðar tilkynnta framkvæmda, skv. 2.3.5 og 2.3.6 gr. í byggingarreglugerð, greiðist afgreiðslugjald kr. 56.398. Innifalið í gjaldi er móttaka og varðveisla gagna, yfirferð m.t.t. samræmis við skipulag og skráning í fasteignaskrá.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

<i>Tegund byggingar</i>	<i>Grunngjald</i>	<i>m³-gjald</i>
A. Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli	60.624 kr.	456 kr.
B. Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum utan þéttbýlis	60.624 kr.	304 kr.
C. Iðnaðarhúsnæði	121.246 kr.	243 kr.
D. Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.þ.h.	181.866 kr.	456 kr.
E. Sérhæfðar byggingar fyrir opinberar stofnanir, félagsheimili, samkomuhús o.þ.h.	181.866 kr.	456 kr.
F. Minniháttar byggingarleyfisgjald framkvæmdir	16.431 kr.	83 kr.
G. Útihús á lögbýlum	32.863 kr.	164 kr.
H. Stækkun húsnæðis, viðbyggingar, bílskúrar o.þ.h. 60 m ² eða minna	60.624 kr.	456 kr.
I. Niðurrif húsa	15.611 kr.	0 kr.
J. Endurnýjun eldra byggingarleyfis	15.611 kr.	0 kr.

III. KAFLI

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

3. gr.

Gjaldskrá.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld samkvæmt eftirfarandi töflu eru með gjalddaga 30 dögum eftir að þjónusta er veitt:

<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Gjald kr.</i>	<i>Athugasemd</i>
A. Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa, sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. og aðrar afgreiðslur skipulags- og umhverfiráðs og byggingarfulltrúa, skipulagt svæði	22.457	
B. Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa, sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. og aðrar afgreiðslur skipulags- og umhverfiráðs og byggingarfulltrúa, utan skipulagðs svæðis	60.367	
C. Lóðarúthlutunargjald óendurkræft	49.401	
D. Fokheldisvottorð	19.761	
E. Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	57.636	
F. Eignaskiptayfirlýsing, hver umfjöllun	65.872	
G. Önnur vottorð	32.937	
H. Endurskoðun aðaluppdráttá	32.937	
I. Stofnun fasteigna í Þjóðskrá Íslands	32.937	
J. Aukaúttekt byggingarfulltrúa	57.636	
L. Gjald fyrir framlengingu lóðarúthlutunar	32.937	
M. Fyrir útgáfu lóðarleigusamnings	32.937	
N. Fyrir breytingu á lóðarsamningi	32.937	
O. Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	32.937	
R. Fyrir hverja útsetningu lóðar/húss á mælingu	tilboð	
S. Vottorð um byggingastig húsa	32.937	
T. Skráning matshluta í Þjóðskrá Íslands	32.937	
U. Aðalskipulag, afgreiðslugjald	14.821	á klst.
V. Deiliskipulag, afgreiðslugjald	14.821	á klst.
X. Byggingarfulltrúi, tímagjald	16.468	á klst.
Y. Útkall byggingarfulltrúa	16.468	á klst.
Z. Afgreiðslugjald byggingarleyfa	22.457	

IV. KAFLI

Gjaldtaka á grundvelli skipulagslaga.

4. gr.

Meginreglur.

Aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skal greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttá, breytinga á uppdráttum og kynninga vegna málsins, að undanskildum auglýsingakostnaði. Bæjarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætla- ana, er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptar vinnu er verulega umfram viðmið- unargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 16.468 kr. án virðisaukaskatts eða gjald skv. reikningi.

5. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga og vegna annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: Kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppráttum.

6. gr.

*Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.**Afgreiðslugjald.*

Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga, viðmiðunargjald, án vsk. 22.457 kr./klst.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 59.281 kr.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 29.644 kr.

7. gr.

*Kostnaður vegna deiliskipulags.**15.1 Nýtt deiliskipulag.*

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk. 20.326 kr./klst.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga 59.281 kr.

15.2 Verulegar breytingar.

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk. 20.326 kr./klst.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 59.321 kr.

15.3 Óverulegar breytingar.

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk. 20.326 kr./klst.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 29.644 kr.

15.4 Grenndarkynning.

Grenndarkynning 91.684 kr.

8. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

Afgreiðslugjald 70.496 kr.

Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðmiðunargjald 158.663 kr.

Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald 75.413 kr.

Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi 29.644 kr.

V. KAFLI

Greiðsluskilmálar og gildistaka.

9. gr.

Greiðsluskilmálar.

Innheimta skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Byggingarleyfi öðlast gildi við greiðslu byggingarleyfisgjalds. Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útsetning húss og reglubundið eftirlit eftir því sem við á.

Heimilt er að semja um greiðslufrest og skal það gert skv. sérstökum greiðslusamningi.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld skv. 9. gr. skal greiða innan mánaðar frá því að þjónustan var veitt.

10. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar skv. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fjárhæðir samkvæmt gjaldskrá þessari taka breytingum fyrsta hvers mánaðar samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, 175,1 stig í október 2022 og breytast hverju sinni til samræmis við breytingar á henni.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi á sama tíma gjaldskrá fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Vesturbyggð nr. 1498/2022.

Vesturbyggð, 13. desember 2023.

Þórdís Sif Sigurðardóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2024